



## Suðurnesjarally 2021

4. - 5. júní

### Til keppanda ökutækis nr. 14 - varðar áhöfn ökutækis nr. 14

#### Málsatvik

Að kvöldi miðvikudagsins 2. júní 2021 barst dómnefnd erindi frá keppnisstjóra Suðurnesjarally 2021, Emilíu Rut Hólmarsdóttur Olsen, þess efnis að aðstoðarökumaður ökutækis nr. 14, Svavar Smárasón, hefði ekki verið mættur með ökutækinu til skoðunar kl. 17.00 þennan dag eins og sagt væri í dagskrá að gera skyldi. Jafnframt kom fram hjá keppnisstjóra að Svavar hefði mætt kl. 17.46. Taldi keppnisstjóri að refska bæri áhöfn nr. 14 samkvæmt reglum.

#### Málsmeðferð

Dómnefnd tók málið til skoðunar á fjarfundi kl. 17.30 fimmtudaginn 3. júní. Farið var yfir dagskrá keppinnar, sérreglur, Greinarreglur fyrir rally og upplýsingar framkomnar á upplýsingatöflu keppinnar, en hana má finna á <http://skraning.akis.is/keppni/284#general>.

Í liðnum "Dagskrá" á þeirri síðu í mótakerfi AKÍS sem birtir upplýsingar um keppnina, sérreglur o.fl. má m.a. sjá við dagsetninguna 2. júní:

- "Keppnisskoðun fer fram í félagsheimili AIFS að smiðjuvöllum 6 kl 17:00
- Refsing er gefin fyrir að mæta of seint í Keppnisskoðun  
Refsing er 10 sek fyrir hverja byrjaða mínútu. (sem dæmi, áhöfn sem mætir í keppnisskoðun kl 17:05 fær 50sek refsingu við ræsingu)"

Í grein 3.5 í gildandi Greinarreglum fyrir rally segir:

**3.5.1** Sérhver áhöfn sem ætlar að taka þátt í keppni skal mæta með ökutæki til skoðunar samkvæmt dagskrá keppinnar.

**3.5.2** Sérhverri áhöfn sem kemur til skoðunar utan þeirra tímamarka sem dagskrá greinir mun ekki leyft að hefja keppni, nema vegna ófyrirsjáanlegra orsaka sem dómnefnd viðurkennir.

**3.5.2.a** Skal áhöfn í slíkum tilfellum sækja skriflega um frest á skoðun og tilgreina ástæðu."

Um mætingu í skoðun er ekki fjallað í Sérreglum keppinnar en á upplýsingatöflu er það gert í nokkrum tilvikum. Hvergi er þar veitt undanþága frá mætingu í skoðun kl. 17.00 fyrir umrædda áhöfn.

Á fyrrgreindum fundi var ákveðið að boða áhöfn ökutækis nr. 14 til skýrslutöku hjá dómnefnd og skyldi hún fara fram kl. 12.00 föstudaginn 4. júní með fjarfundi.

Kl. 11.25 föstudaginn 4. júní barst dómnefnd skrifleg beiðni frá Svavari Smárasyni um að þurfa ekki að mæta í skoðun á þeim tíma sem greinir í dagskrá. Jafnframt var í beiðninni gefin upp ástæða fyrir því að hafa ekki mætt.



Fundur var haldinn með áhöfn ökutækis nr. 14 föstudaginn 4. júní kl. 12.05 á Zoom; mættu á fundinn Sigurður Arnar Pálsson og Svavar Friðrik Smáráson ásamt öllum í dómnefnd. Farið var yfir málavöxtu og áhöfn gefin kostur á að skýra sína afstöðu til málsins sem hún og nýtti sér.

Kl. 12.25 yfirgaf áhöfn ökutækis nr. 14 fundinn og dómnefnd ræddi málið áfram og samdi þennan úrskurð.

## Niðurstaða

Sannað þykir, með framburði keppnisstjóra og ökumannsins Svavars Smárásonar að aðstoðarökumaður ökutækis nr. 14 mætti til skoðunar kl. 17.46 þann 2. júní.

Dómnefnd telur sig ekki bundna af þeim hluta dagskrár keppinnar sem segir

- “Refsing er gefin fyrir að mæta of seint í Keppnisskoðun
- Refsing er 10 sek fyrir hverja byrjaða mínútu. (sem dæmi, áhöfn sem mætir í keppnisskoðun kl 17:05 fær 50sek refsingu við ræsingu)”

enda er þetta sett fram af framkvæmdanefnd keppinnar, en það er eingöngu á valdi dómnefndar að útdeila refsingum.

Einnig gengur grein 3.5.2 lengar þar sem viðurlög við því að mæta ekki eru sögð brottvísun nema ófyrirsjáanlegar orsakir séu fyrir því að mati dómnefndar.

## Úrskurður

Dómnefnd viðurkennir ástæður þær sem henni hafa verið gefnar með skriflegum hætti fyrir fjarveru aðstoðarökumanns í ökutæki nr. 14 í Suðurnesjarally 2021 frá skoðun þann 2. júní s.l.

Samkvæmt grein 3.5.2 skal ökutæki nr. 14 því veitt rásheimild, uppfylli það öll önnur ákvæði reglna þar um.

Keppandi er minntur á rétt sinn til að áfrýja úrskurði þessum til áfrýjunardómstóls AKÍS.

Undirritun formanns dómnefndar	<b>Sigfús Þór Sigurðsson</b>
Úrskurður afhentur keppanda (Dagsetning og tími)	4.júní kl 15:10
Úrskurður móttækinn af keppanda (undirritun)	